

KIRKJUGARÐARÁÐ

113. fundur haldinn 12. maí 2014 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir, Smári Sigurðsson, Þórsteinn Ragnarsson, Guðmundur Rafn Sigurðsson, Sigurgeir Skúlason og Kristín Huld Sigurðardóttir sem skrifaði fundargerð. Valtýr Valtýsson boðaði forföll.

Gestur fundarins var Stefán Örn Stefánsson arkitekt.

1. Setning fundar og fundargerð síðasta fundar

Fundur settur kl. 13:15 og farið yfir fundargerð síðasta fundar sem samþykkt var eftir minniháttar lagfæringar.

2. Hugmynd um sérstakt legsteinahús á Húsafelli

Guðmundur Rafn Sigurðsson og Stefán Örn Stefánsson arkitekt kynntu. Kirkjugarðaráð lýsti yfir ánægju sinni með hugmyndina.

3. Túlkun á viðmiðunarreglum Kirkjugarðaráðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga – staða mála

Guðmundi Rafni og Þórsteini falið að ræða við Hjört Stefánsson verkfræðing sem vann að gerð viðmiðunarreglna til að fá greinargerð frá honum um hver eigi að greiða hönnunarkostnað vegna framræslu lands áður en það er afhent kirkjugörðunum.

4. Aðalfundur KGSÍ í Borgarnesi 31. maí n.k.

Þórsteinn Ragnarsson kynnti.

5. Bréf KGSÍ til innanríkisráðherra, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, vegna skipunar nefndar til að fara yfir skýrslu um fjármál kirkjugarða sem unnin var af Haraldi L. Haraldssyni.

Þórsteinn Ragnarsson kynnti. Miðað við viðbrögð ráðuneytisins telur Kirkjugarðaráð að ráðuneytið muni ekki skipa nefnd til að fjalla um efni skýrslunnar.

6. Svar vegna aðalskipulags Hafnarfjarðar

Guðmundur Rafn kynnti.

7. Staða verka

Guðmundur Rafn Sigurðsson gerði grein fyrir stöðu verkefna.

8. Næsti fundur

Næsti fundur 16. júní.

9. Önnur mál
Engin

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 15:05.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari